


## ✉ Re: Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum

Búið til	16.9.2021 15:53:25
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	16.9.2021 15:53:25
Tilheyrir	 202108-0025 - Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum

### Efni

Re: Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum

### Upplýsingar

Sent	16.9.2021 15:53:25	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202108-0025 (LA, IAS).

Vísað er til bréfs frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar 30. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags í Viðlagafjöru og fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Náttúrufræðistofnun veitti Skipulagsstofnun umsögn þann 23. júlí 2021 um matsáætlun fyrir framkvæmd á nýrri eldisstöð laxfiska á landi í Vestmannaeyjum og má sjá umsögnina á vef stofnunarinnar [https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/eldisstod\\_laxfiska\\_i\\_landi\\_vestmannaeyjum.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/eldisstod_laxfiska_i_landi_vestmannaeyjum.pdf) ([https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/eldisstod\\_laxfiska\\_i\\_landi\\_vestmannaeyjum.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/eldisstod_laxfiska_i_landi_vestmannaeyjum.pdf)).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

- Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir og nýr vegur munu raska hrauninu sem myndaðist í Heimeyjargosinu 1973 meira en nú er. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og þar sem um sögulegt hraun er að ræða hefur það hátt verndargildi.

- Mörk skipulagssvæðisins liggja upp við mörk hverfisverndarsvæði Þorbjörns (HV6) sem hefur mikið verndargildi. Þorbjörn eru leifar af gígbarmi Eldfellsins sem brotnaði frá og fluttist með hraunflæði í átt til sjávar. Forðast ber að raska þessum jarðminjum.
- Í skipulagslýsingu er ekki gerð grein fyrir lögnum að eða frá skipulagssvæðinu (vatn, rafmagn og frárennsli) eða raski sem þeim kann að fylgja.
- Upplifun ferðamanna á útsýnissvæði norðvestan við skipulagssvæðið mun skerðast.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarnarmál og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>

**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

**CC:**

**Subject:** Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum

**Date:** 30.8.2021 13:02:33

Góðan dag,

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þann 28. júní 2021 skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags í Viðlagafjöru og fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Áætlað er að setja stefnu um staðsetningu fiskeldis í Viðlagafjöru, stærð lóðar og skipulag innan hennar, aðkomu að svæðinu og tilheyrandi mannvirkjum. Til að opna fyrir heimildir fyrir fiskeldi á þessu svæði er stefnt að því að breyta skilmálum í aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Meðfylgjandi er skipulagslýsing fyrir fyrirhugaðar skipulagsbreytingar.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunnar Íslands fyrir 16. September 2021.

Kær kveðja, Dagný Hauksdóttir  
Skipulags- og umhverfisfulltrúi

## Viðhengi

image001.png (5 KB)